

Frumkvöðlasetrið Kveikjan

Stöðuskýrsla

Kveikjan í Hafnarfirði, 3. september 2013

Upphafið: Þann 1. maí 2009 gerðu Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Sveitarfélagið Álftanes og Nýsköpunarmiðstöð Íslands með sér samstarfssamning um rekstur frumkvöðlaseturs í Strandgötu 11, 220 Hafnarfirði sem hlotið hefur nafnið Kveikjan. Markmiðið hefur frá upphafi verið að styðja við bakið á frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum á svæðinu með því að útvega þeim faglega aðstoð og aðstöðu sem stuðlar að nýsköpun, auknum atvinnutækifærum og stofnun nýrra fyrirtækja

Flutningar: Hafnarfjarðarbæ, Garðabær og Nýsköpunarmiðstöð Íslands endurnýjuðu samninginn á vormánuðum 2012 og á svipuðum tíma fóru fram flutningar í nýtt og stærra húsnæði að Strandgötu 31, Hafnarfirði 2. hæð. Flutningi Kveikjunnar í nýtt húsnæði var fagnað með opnu húsi og formlegu opnunarteiti. Bæjarstjórar Hafnarfjarðar og Garðabæjar, þeir Guðmundur Rúnar Árnason og Gunnar Einarsson ásamt Sigríði Ingvarsdóttur, framkvæmdastjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sögðu nokkur vel valin orð í tilefni opunar og töluðu um mikilvægi Kveikjunnar fyrir sveitarfélögin og þann árangur sem unnist hefur með rekstri Kveikjunnar. Nokkrir frumkvöðlar sögðu jafnframt við þetta tækifæri frá góðri reynslu sinni af verunni í Kveikjunni og framtíðaráformum sínum.

Velgegni: Í dag eru 6 fyrirtæki á setrinu og tvö ný fyrirtæki á leiðinni inn á næstunni. Nýting á starfsrými hefur að jafnaði verið ágæt. Tvö fyrirtækjanna hafa vaxið mikið undanfarið og hafa samtals um 19 starfsmenn en í heild eru í kringum 25 starfsmenn í vinnu hjá frumkvöðlafyrirtækjunum í Kveikjunni eins og staðan er í dag. Viðskiptahugmyndir frumkvöðlanna eru mjög fjölbreyttar, þar á meðal forritun á leiðsögnum fyrir snjallsíma, framleiðsla á tölvuleikjum, afþreying og skemmtiferðir í ferðaiðnaði, hönnun og þróun vefrænna verkfæra til huggreininga fyrir starfsmenn fyrirtækja, sala á Internetinu, forritun og einstaklingsmiðaðar lausnir til einkakennslu svo dæmi séu tekin.

Samstarfið: Í gegnum samstarfið hefur Nýsköpunarmiðstöð Íslands og bæjaryfirvöld í Garðabæ og Hafnarfirði lagt vinnu í það að hvetja einstaklinga innan sinna sveitarfélaga til að hrinda eigin viðskiptahugmyndum í framkvæmd og sækja um aðstöðu í Kveikjunni með sýnilegum árangri.

Vöxtur: Frá því að rekstur Kveikjunnar hófst hefur nokkur fjöldi fyrirtækja sprengt utan af sér starfsrýmið á frumkvöðlasetrinu og í kjölfarið flutt í stærra húsnæði. Besta dæmið um slíkt er kannski fyrirtækið Remake Electric, sem þróað hefur nýja tegund rafskynjara, en þar starfa nú tæplega 60 manns. Einnig má benda á Fancy Pants Global sem framleiðir leiki og hugbúnað og Maximus Musikus. Viðskiptahugmyndir fyrirtækjanna, sem nú eru í Kveikjunni, eru mislangt á veg komnar. Sumar eru aðeins á teikniborðinu en aðrar hafa þegar skilað sér í stofnun sprotafyrirtækja og má í því sambandi benda á Locatify og Lumenox sem dæmi um fyrirtæki sem eru að vaxa á miklum hraða þessa mánuðina. Allir starfsmenn Lumenox eru núna í USA á stærstu tölvuleikjaráðstefnu í heiminum sem fyrirtækinu var boðið á og eru forsvarsmenn Lumenox með bókaða fundi við marga af öflugustu dreifingaraðilum heims

eins og t.d. Sony Entertainment, Google og framleiðendur af X-box og Sega leikjatölvunum og auðvitað við minni spámenn einnig. Næstu vikur hjá starfsmönnum Lumenox verða því nokkuð spennandi.

Mikilvægi: Kveikjan skapar þessum fyrirtækjum ekki einungis aðstöðu til framkvæmda heldur jafnframt mikilvægt tengslanet og vettvang reynslu og samstarfs á ýmsum sviðum. Nokkur dæmi eru um það að fyrirtæki á setrum Nýsköpunarmiðstöðvar hafi tekið sig saman og unnið sameiginlega að verkefnum sem hafa skilað sér í fullmótaðri vöru sem þegar er komin í framleiðslu og dreifingu. Dæmi um það eru fyrirtækin Fancy Pants Global, Maximus Musicus og Locatify en þessi fyrirtæki hafa öll verið og/eða eru í Kveikjunni. Það er álit þeirra frumkvöðla sem hafa verið í Kveikjunni að aðstaðan og aðbúnaður sé góður og staðsetning í sjálfum miðbæ Hafnarfjarðar ótvíræður kostur.

Með frómri ósk um áframhaldandi uppbyggilegt og gott samstarf;

Kristján Óskarsson
Verkefnastjóri á Nýsköpunarmiðstöð Íslands